



Framkvæmd fjárlaga

Staða og horfur

Ingbór Karl Eiríksson

3. september 2009

Skipulag og verkaskipting

- Fjármálaráðuneytið hefur yfirumsjón með framkvæmd fjárlaga
- Ráðuneyti fara með yfirstjórn þeirra mála sem undir það heyra
- Forstöðumenn stofnana bera ábyrgð á rekstri sinnar stofnunar

Áherslur

- Vönduð og góð áætlanagerð er grunnþáttur í framkvæmd fjárlaga
- Árangursstjórnunarsamningar skilgreini þjónustustig stofnunar og sé grunnur að annarri áætlunagerð
- Stofnanir skulu á hverjum tímapunkti vera innan fjárheimilda
- Forstöðumönnum ber að upplýsa ráðuneyti um veruleg frávik frá áætlunum þegar þau koma upp og hvernig brugðist verði við þeim
- Forstöðumenn skulu upplýsa ráðuneyti um breyttar forsendur og ófyrirséð útgjöld

Áherslur

- Áætlanir í Oracle séu réttar og uppfærðar
- Dreifing fjárheimilda verði í takt við áætlanir stofnana
- Virkt **mánaðarlegt** eftirlit ráðuneyta með sínum stofnunum og fjárlagaliðum
- Meiri eftirfylgni fjármálaráðuneytis varðandi skýringar ráðuneyta
- Breyttar forsendur varðandi fjárukalög

Ársfjórðungsuppgjör

- Fjármálaráðuneyti upplýsir ríkisstjórn og Alþingi um stöðu mála
- Ráðuneytum ber að upplýsa fjármálaráðuneyti um ástæður framúrkeyrslu þar sem hún er meiri en 4%. Jafnframt skal upplýst um aðgerðir til að bregðast við halla
- Gríðarlega mikilvægt að stofnanir bregðist hratt við fyrirspurnum frá sínum ráðuneytum
 - Gefi greinargóðar skýringar á frávikum
 - Upplýsi um aðgerðir sem skili mælanlegum árangri
- Þessar skýringar eiga að geta legið fyrir fljótlega eftir 20.hvers mánaðar þegar bókun reikninga síðast liðins mánaðar á að vera lokið

Áætlanagerð

- Í október skulu ráðuneyti kynna stofnunum þær fjárveitingar sem séu til ráðstöfunar
- Forstöðumenn skulu skila ársáætlun í desember
- Áætlunin skal rúmast innan ramma fjárheimilda komandi árs
- Áhersla er lögð á að dreifing útgjalda innan ársins sé raunhæf

Áætlanagerð

- Ráðuneyti skal yfirfara forsendur og niðurstöður rekstraráætlana, leggja raunhæft mat á þær og taka afstöðu hvort þær teljist fullnægjandi
- Ráðuneyti skulu tryggja að samþykktar rekstraráætlanir séu sendar Fjársýslunni til innlesturs í Oracle og mun Fjársýslan ekki taka við áætlunum beint frá einstökum stofnunum
- Breytingar á rekstraráætlunum skulu fara í gegnum hvert ráðuneyti fyrir sig

Áætlanagerð

- Áætlanalíkan í Excel verður áfram notað fyrir stofnanir með litlum breytingum
- Í áætlanalíkönunum verði að finna síðu þar sem hægt verður að taka saman hagræðingaraðgerðir og áhrif þeirra á niðurstöðu áætlunar
- Verið er að þróa nýtt líkan sem gerir stofnunum kleift að gera áætlun á bókhaldstegundir
- Námskeið í áætlanagerð verða haldin á haustmánuðum eins og verið hefur og verða þau tilkynnt sérstaklega

Hagræðingaraðgerðir og eftirfylgni

- Stofnanir skilgreini grunnþjónustu og viðbótarstarfsemi og ákveði hagræðingaraðgerðir út frá þeirri skilgreiningu
- Hagræðingaraðgerðir séu settar fram í skýrt skilgreindri aðgerðaráætlun
- Lagt verði áhættumat á hvern þátt fyrir sig í slíkri aðgerðaráætlun
- Einfalt verði fyrir ráðuneyti og stofnanir að fylgjast með tillögur séu að skila tilætluðum árangri

Árangur

- Heilt yfir ekki ásættanlegur
- Búið að gera mikið á síðustu árum til að styrkja við framkvæmd fjárlaga
 - Áætlunargerð
 - Árangursstjórnunarsamningar
 - Aðlögun á dreifingu fjárheimilda
- Árangur lætur á sér standa
- Heildarfjöldi fjárlagaliða með halla umfram 4% í 6 mánaða uppgjöri 112 samanborið við 119 í 6 mánaða uppgjöri ársins 2008 og 110 í 3ja mánaða uppgjöri 2009



Sparnaðarátak í ríkiskerfinu

Sparnaðarátak í ríkiskerfinu

- Ráðist verður í sérstakt sparnaðarátak í ríkiskerfinu samkvæmt 100 daga áætlun ríkisstjórnarinnar
- Átakið verður framkvæmt með þátttöku starfsmanna, stjórnenda og notenda þjónustunnar
- Gengur út á að aðstoða ríkisaðila við að halda sig innan ramma fjárveitinga
- Sparnaðarátakið beinist fyrst og fremst að öðrum rekstrarkostnaði en launakostnaði

Sparnaðarátak í ríkiskerfinu

- Fjármálaráðuneytið leiðir verkefnið en mun leita liðsinnis ráðgjafa um verkefnastjórnun, framkvæmd og eftirfylgni
- Ráðgjafar munu þjálfa forstöðumenn og fjármálastjóra til að stýra áttakinu á sínum vinnustað
- Lagður verður til gagnagrunnur til þess að halda utan um sparnaðarhugmyndir

Sparnaðarátak í ríkiskerfinu

- Þátttaka starfsmanna
 - Forstöðumenn haldi hugarflugsfundi
 - Komið verði fyrir hugmyndakössum
 - Vefsíður og gagnagrunnur
 - Aðrar leiðir
- Haldnar verða vinnustofur þar sem unnið verður úr framkomnum hugmyndum og þær mótaðar í verkefnabúning
- Skýrslugerð úr vinnustofum til stjórnenda stofnana

Sparnaðarátak í ríkiskerfinu

- Ráðgjafar aðstoða við eftirfylgni með frágangi verkefna, svo sem að setja fjárhagsleg markmið á þau verkefni sem eru tæk
- Forstöðumenn fylgja tillögunum eftir og gera grein fyrir þeim ávinning sem hlýst af tillögunum